

## Ágrip aðalfundar 2019

Dags.: 11.12.2019, kl. 14 :30 – 17:30

Staður: Vegagerðin, Borgartúni 4-6, Reykjavík

Mættir : 26 mættu. Matthías Loftsson (Mannvit), Gísli Eiríksson (Vegagerðin), Jón Smái Úlfarsson (Landsvirkjun), Björn A Harðarson (Geotek), Oddur Sigurðsson (Geotek), Atli Karl Ingimarsson (Mannvit), Guðmundur H. Gíslason (Ístak), Birgir Jónsson (HÍ), Björn Jóhann Björnsson (Stuðull), Stefá Geir Árnason (Efla), Kristinn Hauksson (Efla), Hávarður Finnbogason (Efla), Benedikt Óskar Steingrímsson (Mannvit), Styrmir Freyr Böðvarsson (Mannvit), Björn Stefánsson (Landsvirkjun Power), Guðmundur Ólafsson (Suðurverk), Einar Hrafn Hjálmarsson (ÍAV), Guðmundur Björnsson (Hnit), Pálmi Ragnar Pálmason (Verkis), Þorbergur Leifsson (Verkis), Ægir Jóhannsson (Verkis), Hreinn Haraldsson ( - ), Vilbergur Kristinsson (Landsvirkjun), Jón Haukur Steingrímsson (Efla), Valgeir Bergmann (Vaðlaheiðargöng), Heimur Gunnarsson (Vegagerðin).

### Skýrsla stjórnar

Formaður JGFÍ, Gísli Eiríksson (GE) greindi frá helstu atriðum í starfsemi félagsins frá síðasta aðalfundi. Starfsemin hefur verið svipuð og undanfarin ár, haldnir um 3 stjórnarfundir á ári og svo aðalfundur. Eitt af hlutverkum stjórnar hefur verið að fá erlenda fyrirlesara til að halda erindi þegar þeir eiga leið til landsins og var einn slíkur haldinn í apríl af Ales Gothard hjá Metrostav. Í félagaskrá eru um 18 fyrirtæki og um 45 starfsmenn þessara fyrirtækja. Fjárhagsstaða félagsins er góð (inneign ~1.040.000), einu gjöldin eru árgjöld til ITA um 500 Evrur á ári. Lagt til að félagsgjald verði óbreytt næsta ár. Á erlendum vettvangi hefur þátttaka Íslands helst verið innan NVF jarðganganevndar þar sem þátttaka er í undirnefndum jarðganganevndar NVF, um hagkvæman gangagröft einkum Matthías Loftsson (ML) frá Mannviti og Guðmundur H. Gíslason (GHG) frá Ístak og um viðhald og öryggi Gísli Eiríksson (GE) og Guðmundur Rafn Kristjánsson (GRK) frá Vegagerðinni, Hávarður Finnbogason frá Eflu og Guðni I Pálsson frá Mannviti. Enginn frá Íslandi hefur tekið þátt í fundum og ráðstefnum ITA á þessu ári, en Björn A Harðarson (BAH) hefur verið tengiliður stjórnar við ITA.

### Stjórnarkjör

Núverandi stjórn var kosin árið 2016 til 3ja ára og kjósa varð því nýja stjórn nú á þessum aðalfundi. Í stjórn JGFÍ sátu Gísli Eiríksson (GE), Matthías Loftsson (ML), Björn A. Harðarson (BAH) og Jón Smári Úlfarsson (JSÚ). GE og BAH gáfu ekki kost á áframsetu í stjórn. ML og JSÚ gáfu hins vegar kost á áframsetu og tillaga var um Guðmund H. Gíslason (GHG) frá Ístaki og Guðmund Rafn Kristjánsson (GRK) frá Vegagerðinni. ML verði formaður, JSÚ gjaldkeri og GHG og GRK meðstjórnendur. Tillagan var borin upp og samþykkt af fundarmönnum með handauppréttingu. Enginn var á móti. Ný stjórnin mun nánar skipta með sér verkum hvað varðar samskipti við ITA og NVF.

### Önnur mál.

BAH afhendir nýkjörnum formanni, ML, forláta fundargerðarbók félagsins til varðveislu. Í hana hafa verið skráðar (límdar inn) fundargerðir frá stofnfundi félagsins 1974 eða í 45 ár. Fráfarandi formaður, GE, ávarpar BAH og þakkar honum fyrir langa stjórnarsetu, en hann hefur setið í stjórn JGFÍ í 22 ár, lengur en nokkur annar, og færir inn í fundargerðarbók félagsins enn lengur. Björn hefur komið að gerð mjög margra ganga á 30 árum. GE færir BAH stálplatta, sem er snið af Múlagöngum og einbreiða hluta BB ganga, sem virðingartötu en BAH var umsjónarmaður Vegagerðarinnar þar og þetta voru fyrstu göngin hans.

### Fyrirlestrar.

1. Oddur Sigursson fjallaði um styrkingar, vatnasklæðingar og stöðu frágangs í Dýrafjarðargöngum. Framvinda graftar var að meðaltali um 70 m/viku virka vinnudaga eða að jafnaði 61 m/viku yfir verk tíma gangagraftar. Bergstyrkingar voru minni en áætlað og munaði þar mestu um að setbergssvæði var styttra en reiknað var með í áætlun. Ágætt samræmi er milli berggæðamats og bergstyrkinga. Hitamælingar voru gerðar í öllum útskotum og fór berghiti mest í tæpa 19°C. Hitastigsaukning var með aukinni bergþekju og reiknaður hitastigull var milli 25 - 40°C/km. Innrennsli fór mest í um 50 l/s sem var innan við áætlað. Vatnasklæðingar verða heldur meiri en áætlað. Á heildina litið stefnir í að kostnaður verði undir eða mjög nærri áætluðum kostnaði.
2. GE sagði frá rannsóknum og undirbúningsvinnu vegna Fjarðarheiðarganga. Fjallaði um göngin í sögulegu samhengi en fyrstu hugmyndir um gangalegu komu fram 1987. Ýmsir gangakostir hafa verið skoðaðir bæði bein tenging undir Fjarðarheiði en einnig tengingar yfir í Mjóafjörð og áfram yfir á Norðfjörð og/eða undir Mjóafjarðarheiði. Nú er rætt um göng undir Fjarðarheiði sem fyrsta áfanga og síðar kæmu tengingar yfir í Norðfjörð í gegnum Mjóafjörð. Byrjað er að skoða í frumhönnun göng frá botni Seyðisfjarðar að Dalhúsum í Fagradal, um 13,3 km löng göng. Munnar í um 130 m y.s. og göng halla 1,5% frá hvorum munna. Jarðfræði á gangaleið er talin verða svipuð og á leið Norðfjarðarganga og þvera þarf mörg setbergslög með tilheyrandi styrkingum. Þó ekki sé búist við miklu vatnsinnrennsli þarf að hafa vara á, því sprungur og berggangar geta náð upp í efri berglög og virkjunarlón er á heiðinni fyrir ofan göngin. ISOR hefur metið út frá mælingum í borholum að hitastig í göngum verði mest 25-30°C. Ekki hægt að útiloka að hiti geti orðið meiri. Svára þarf ýmsum spurningum um öryggismál því göng eru mjög löng. Rætt um að hafa neyðarrými með 500 m millibili.
3. Hávarður Finnbogason fjallaði um hugmyndir um nýjungar í rafbúnaðarkerfi fyrir Fáskrúðsfjarðargöng. Í síðustu göngum hefur bil milli tæknirýma verið um 1500 m en nú er verið að skoða 2000 m bil, sem sparar 2 rými. Afnotkun í hverju tæknirými yrði um 170 kW en mikil aukning hefur verið á öryggis- og rafbúnaði undanfarin ár og tæknirými stækkað. Var t.d. aðeins 17m<sup>2</sup> í BB-göngum, 30 m<sup>2</sup> í Bolungarvíkurgöng, 49m<sup>2</sup> í Dýrafjarðargöng en er áætlað 58 m<sup>2</sup> í Fjarðarheiðargöng. Í Fjarðarheiðargöngum er gert ráð fyrir neyðarrýmum í öllum útskotum. Í göngunum verða notaðar LED-lampa í stað lágþrýstra natríum lampa, sem bráðlega verður hætt að framleiða. LED lampar eru sparneytnir og gefa jafnari og betri lýsingu og hægt að vera með skrautlýsingu, en helsti ókostur er að LED-lampar þurfa mikinn startstraum. Í skoðun að setja upp rafstöð í stað UPS en helsti kostnaður í rekstri ganga er endurnýjun á UPS-um. Ókostur er að lengri kaflar í göngum geta slegið út. Svera þarf lekastreng því aflgeta endurvarpa er ekki nægileg fyrir 2 km.
4. Gísli Eiríksson greindi frá niðurstöðum athugunar á mismunandi leiðum fyrir tvöföldun Hvalfjarðarganga. Áður verið skoðað að hafa ný göng samhliða núverandi göngum, en núverandi staðlar segja að halli megi mest vera 5%. Bornir voru saman kostir og gallar og kostnaður fyrir samhliða göng með 7% og 8% halla eins og núverandi göng, ný göng með munna á sömu slóðum en með mest 5% halla og ný göng með norður munna til austurs. Í tveimur fyrrnefndu yrði umferð bara í eina átt í hvoru röri en í báðar áttir í hinu síðastnefnda, gömlu göngin þá fyrir umferð til Akraness og ný fyrir umferð vestur og norður í land. Umferðatalning sýnir um 35/65 skiptingu umferðar, Akraness/norður. Þar sem ekki væri hægt að koma fyrir tengingu milli ganga yrðu neyðarrými í göngunum. Samanburður á kostnaði að teknu tilliti til ávinnings gaf um 7 milljarða mun í stofnkostnaði milli gangaleiðar, sem er samhliða núverandi göngum í hæð og plani, og nýrrar ganga fyrir akstur norður. Að teknu tilliti til 20 ára ávinnings af styttingu leiðar yrði ný göng fyrir umferð norður hins vegar um 2 milljörðum ódýrari. Málið er enn í skoðun einkum hvað varðar slyskostnaðarsamanburð.